

From: Sigrún Valgeirsdóttir
Sent: mánudagur, 26. desember 2022
Subject: Ný íslensk bíómynd; Draumar, Konur & Brauð

Sælt veri fólkið og Gleðilega Hátíð !!

Ég skrifa fyrir hönd hóps sem er að framleiða nýja íslenska bíómynd/ leikna heimildarmynd sem ber titilinn " Konur, Draumar & Brauð"



Myndin dregur fram ómælt vinnuframlag kvenna, sem reka kaffihús á landsbyggðinni.



Sjálfbært framlag kvennanna til ferðaþjónustunnar í landinu og síns nærsamfélags hefur að okkar mati ekki verið metið að verðleikum.

Kaffihúsin þeirra, eru staðirnir sem ferðamaðurinn man og segir frá þegar hann kemur heim úr ferðinni. Litli local staðurinn, með sitt sérstæða útlit og staðsetningu, þar sem eigandinn bæði bakar kökuna, ber hana á borð með bros á vör og tilbúin til að veita upplýsingar um sveitina og svæðið þar sem hún ólst upp og að öllum líkindum ættin í nokkra liði.



Þemað er líka draumar og dagdraumar kvenna. Dreymdi þessar konur um að reka kaffihús, eða áttu þær sér einhvern allt annan draum?

Stíll myndarinnar er í anda " töfraraunsæis" þar sem ævintýrin gerast í hversdeginum og ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Verkið er blanda af raunveruleika og skálduðum söguþræði, þar sem, minni, gamlar sagnir og fallega landslagið okkar vefa framvindu sem í senn er upplýsandi og góð skemmtun fyrir áhorfandann.



Hver landsfjórðungur fær sitt pláss, þar sem farin er hringferð um landið og eitt sérstætt kaffihús ásamt eiganda þess, er fulltrúi hvers lands-fjórðungs.

Fyrir Suðurland er það GAMLA FJÓÐ / Hvassafelli undir Eyjafjöllum og Heiða Björg Scheving.

Fyrir Austurland, KAFFI NESBÆR, Neskaupstað og Sigríður Þórbjörg Vilhjálmsdóttir.

Fyrir Norðurland, FRIDA CHOCOLATE, Siglufirði og Fríða Björk Gylfadóttir.

Fyrir Vestfirði, KAFFI LITLIBÆR, Skötufirði og mæðgurnar; Sigríður Hafliðadóttir og Guðrún Fjóra Kristjánsdóttir.

Fyrir Vesturland, SAMKOMUHÚSIÐ STAPA, Arnarstapa og Ólína Gunnlaugsdóttir.

Sagan hefst á Hellnum þar sem fjórar konur hittast á Litla Kaffihúsinu við víkina (Fjöruhúsið), fyrir tilviljun.


Tvær þeirra, ólíkir einstaklingar af sitthvorri kynslóð fara hringferð saman. Önnur er listakona sem ætlar að skrifa leikrit á met tíma og hin vísindakona sem á brýnt erindi í Neskaupstað.

Þriðja konan er enn á Hellnum að æfa sig í kökubakstri en hún er staðráðin í því að vinna nú kökukeppnina þetta árið og sú fjórða, landsþekkta spákonan er aldrei víðsfjarri.

Við fylgjumst með leik-og söngkonunni skrifa leikritið og setja sig í spor kvennanna á kaffihúsunum sem þær stöllu heimsækja.



Þannig fáum við að sjá og heyra sögur kaffihús kvennanna í litlum heimildarmyndum sem fléttast við ferðalagið. En einnig er komið við á stöðum sem tengjast minnum og þjóðsögum og fjallkonana á sér sinn stað.



Lokasenan er á Arnarstapa þar sem kökukeppnin fer fram á Sólstöðuhátíð sveitarinnar sem á 20 ára afmæli og listakonan ætlar að sýna part úr frumsamda verkinu. Konurnar koma allar á staðinn og hnútar verða hnýttir -



Myndin hefur fengið framleiðslustyrk frá **KMÍ**, **RÚV** hefur keypt sýningarrétt og eins hefur Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneytið gefið vilyrði fyrir endurgreiðslu. **SÚN** (samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað ásamt *Sesam Brauðhúsi* á Reyðarfirði hafa veitt styrki en við tókum upp kitlu í Neskaupstað í April á þessu ári.

Kitlan fylgir með í viðhengi hér í lokin.



Myndin okkar ber landi og kvenþjóð góðan orðstý og sérlega er gaman að fjalla um og sýna vinnuframlag kvenna af kynslóð sem lítið hefur verið fjallað um til þessa.



Til þess að myndin nái að vera eins flott og við viljum hafa hana, með búningum tónlist og auka leikmynd, þá leitum við nú til sveitarfélaganna, fyrirtækja og félagasamtaka til að safna fyrir því.

Við sjáum líka að allur stuðningur, beinn eða óbeinn t.d. frí gisting, hefði sveitarfélagið einhvern stað ásamt því að meiga leita til með smotteri og hafa tengslanetið og bakstuðninginn osfv sé mikils virði.

Allt hjálpar. -

Dagsetningarnar eru: 23 Maí - 3. Júní 2023

Því sendum við þennan póst núna, með kitlunni ásamt nokkrum myndum og upplýsingum um hópinn sem að myndinni stendur með von um góðar móttökur en fylgi svo póstinum eftir með símtali fljótlega.

[Draumar, konur & Brauð KITLA](#)

Með kærri Nýárs- og Hátíðarkveðju.

Sigrún Vala Valgeirsdóttir
Handritshöfundur og Leikstjóri
Gant Rouge Films ehf.

